

Stofnanasamningur
milli Eflingar - stéttarfélags og Landspítala

18. nóvember 2011

Byggður á gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsgreinasambands Íslands

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS hins vegar.

2. Starfaflokkun, grunnröðun og mat á starfsreynslu

	Röðun Starfs	Starfsreynsla í starfi á LSH		
		1 ár	5 ár	9 ár*
Starf A. Starf við ræstingu, almennt starf í býtibúri, í eldhúsi eða þvottahúsi.	004	1 fl.	+ 1 fl.	
Starf B. Blandað starf. Til blandaðra starfa teljast t.d. störf sem fela í sér þjónustu og bein samskipti við sjúklinga og aðstandendur þeirra. Önnur sérhæfð og/eða fjölbreytt störf eftir nánari skilgreiningu/starfslýsingu stofnunar.	005	1 fl.	+ 1 fl.	
Starf C. Starf í aðhlyningu/umönnun sem felur í sér sérhæfða og/eða fjölbreytta þætti eftir nánari skilgreiningu/starfslýsingu stofnunar. Aðstoðarmaður á deild (starf í býtibúri). Önnur sérhæfð og/eða fjölbreytt störf eftir nánari skilgreiningu/starfslýsingu stofnunar.	005	1 fl.	+ 1 fl.	+ 1 fl.
Starf D. Starf C í aðhlyningu/umönnun með viðbótarþáttum sem starfsmenn hafa uppfyllt varðandi þjálfun og/eða frekari sérhæfingu að mati stofnunar. Viðbótarþættir geta verið eftirfarandi: Þátttaka í sértækum skilgreindum verkefnum og/eða þverfaglegu teymi skv. nánari skilgreiningu sviðs eða deildar. Getur komið að skipulagðri aðlögun starfsmanna. Starfsmaður telst almennt ekki geta uppfyllt starfsþætti þessa fyrir en eftir a.m.k. 2-3 ár í starfi sem uppfyllir skilgreiningu fyrir starf C.	006	1 fl.	+ 1 fl.	+ 1 fl.
Starf E. Starf D í aðhlyningu/umönnun sem jafnframt felur í sér umsjón með verkefnum, aukna ábyrgð og sérstöku hlutverki eftir nánari skilgreiningu/starfslýsingu stofnunar s.s. Umsjón með skilgreindum verkefnum. Skilgreind þróunarvinna/þróunarverkefni á deild/deildum. Þátttaka í skipulagðri gæðastarfsemi innan sviðs/deildar skv. nánari skilgreiningu sviðs eða deildar.	007	1 fl.	+ 1 fl.	+ 1 fl.
Matartæknir (ef verkstjóri þá + 2 fl. e. 1 ár í starfi)***	014	1 fl.**	+ 1 fl.**	
Félagliði	014	1 fl.**	+ 1 fl.**	

* eða sambærilegu starfi annars staðar

3. Menntun starfsmanna sem telst nýttast í starfi

Starfaflokkun:	Fjöldi launaflokka	
	A-B	C-E
Hækkun vegna menntunar sem nýttast í starfi getur orðið allt að:.....	3	5
Formlegt nám umfram grunnkröfur starfs allt að:.....	1	2
• Skipulagt eins til tveggja ára nám starfsmanns	1	1
• Skipulagt þriggja ára eða lengra nám starfsmanns.....	0	1
Endur- og símenntun allt að:.....	2	3
• Starfsmaður sem sótt hefur 60 kennslustunda námskeið.....	1	1
• Starfsmaður sem sótt hefur 120 kennslustunda námskeið.....	1	1
• Starfsmaður sem sótt hefur 200 kennslustunda námskeið.....	0	1

4. Sérriðun

Starfsmaður B sem sinnir sérhæfðu og/eða fjölbreyttu starfi sem telst til starfaflokkunar B skal til viðbótar við framangr. hækka um einn launaflokk vegna 9 ára starfsreynslu á LSH eða í sambærilegu starfi annars staðar.

Verkstjóri (í ELM / þvottahúsi / ræstingu) raðast í launaflokk 10 og hækkar um einn launaflokk eftir eitt ár í viðkomandi starfi á LSH.

Matráðsmaður í ELM skal metinn sem starfsmenn D þó þannig að hann hækki ekki vegna starfsreynslu eftir 5 ár.
- Matráðsmaður á kassa (peningakassa í matsal) sem ber ábyrgð á skilgrein raðast einum launaflokki ofar en ella á meðan hann sinnir þeim verkþætti.
- Starfsmaður ELM sem vinnur sérhæfð störf við matargerð raðast eins og matráðsmaður á meðan hann sinnir þeim verkþætti.

5. Annað

Heimilt er að meta til viðbótar við riðun starfsheita eftirfarandi þætti, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra í grunnriðun starfsins:

- Hvort starfið sé umfangsmikið / fjölþætt..... 0-1
- Hvort starfið feli í sér sérstaka ábyrgð..... 0-1
- Hvort starfið feli í sér flókin eða vandasöm verkefni..... 0-1
- Hvort krafist sé sérstakrar hæfni umfram það sem almennt gerist..... 0-1

Ennfremur er heimilt að taka mið af öðrum þáttum í starfi sem skipta máli fyrir deild/stofnun

Starfsmenn C, D og E sem starfa á slysa- og bráðasviði, öldrunarsviði og svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusviði raðast einum launaflokki ofar en fram kemur í lið 2, með vísan til þeirra þátta sem tilgreindir eru hér að framan.

Fyrir hönd Landspítala

Fyrir hönd Eflingar - stéttarfélags